

## AUGLÝSING

### um stofnun fólkvangs í Stekkjarhrauni í Hafnarfirði.

#### 1. gr.

##### *Um friðlýsinguna.*

Umhverfisráðherra hefur ákveðið að tillögu bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar og að fengnu álití Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að friðlýsa Stekkjarhraun í Hafnarfirði sem fólkvang, skv. 55. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Stekkjarhraun er hluti af hraunum sem runnu í Búrfellseldum fyrir um 7000 árum. Stekkjarhraun er í beinu framhaldi af Gráhelluhrauni og hefur hraunið runnið um þróngan farveg milli Setbergshlíðar og Mosahlíðar. Stærð hins friðlýsta svæðis er 15,8 hektarar.

#### 2. gr.

##### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmið með friðlýsingu svæðisins Stekkjahrauns sem fólkvangs er að vernda útivistarsvæði í fögru hraunumhverfi þar sem jafnframt er athyglisvert gróðurlendi og sérstakar menningarmínjar. Aðgengi að svæðinu er gott og er það því ákjósanlegt til fræðslu og útikennslu.

Með friðlýsingunni er einnig verið að vernda votlendisbletti við Lækinn þar sem hann rennur með Stekkjarhrauni, en þar vaxa m.a. horblaðka og starir sem eru fágætar tegundir í þéttbyli.

#### 3. gr.

##### *Mörk fólkvangsins.*

Mörk fólkvangsins eru frá Stekkjarbergi að Hlíðarbergi og fylgja lóðamörkum Setbergsskóla til suðausturs að lóðamörkum Birkibergs 8, þaðan fylgir línan lóðamörkum við Birkiberg að lóð 18. Þaðan liggja mörkin áfram til suðvesturs í lóðamörk Lækjarbergs 30 og þaðan áfram til suðurs með lóðamörkum að lóð 58 við Lækjarberg og áfram í norðurenda lóðamarka Sólbergs 2, með lóðamörkum í suðvestur (pkt. 7). Þaðan um punkta 8, 9 og 10 að Hlíðarbergi og með götunni allt að punkti 12, en þaðan í suður lóðamörk Stekkjarbergs 11. Lóðamörkum fylgt í norðaustur ásamt lóðamörkum Stekkjarbergs 9 og 7 að upphafspunkti í Stekkjarbergi.

Mörk fólkvangsins afmarkast af eftirfarandi ISN-93 hnitudum og eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti:

Hnit	X	Y	Hnit	X	Y
1	356695	399175	7	357221	398266
2	356756	399186	8	357195	398239
3	356977	398991	9	357159	398326
4	356986	398964	10	357149	398329
5	357219	398378	11	357159	398372
6	357224	398364	12	356789	398826

#### 4. gr.

##### *Umsjón fólkvangsins.*

Umsjón og rekstur fólkvangsins skal vera í höndum umhverfisnefndar Hafnarfjarðarkaupstaðar, samkvæmt samningi Umhverfisstofnunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar sem umhverfisráðherra staðfestir. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndaráætlunar fyrir fólkvanginn í samræði við Hafnarfjarðarkaupstað, sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

#### 5. gr.

##### *Umferð í fólkvanginum.*

Almenningi er heimil för um fólkvanginn, enda sé gætt góðrar umgengni. Í samræmi við samþykkt um hundahald er óheimilt að hafa hunda í fólkvanginum án fylgdar og tryggrar stjórnar. Akstur vélknúinna farartækja er óheimill á stígum í fólkvanginum, nema til viðhalds þeirra.

Nr. 398

3. apríl 2009

6. gr.

*Verndun gróðurs, dýralífs og jarðmyndana.*

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum.

7. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð.*

Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Hafnarfjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun. Gert er ráð fyrir að sparkvelli, gönguleiðum og stígum verði viðhaldið. Gert er ráð fyrir að svæðið nýtist til náttúruskoðunar og umhverfisfræðslu.

8. gr.

*Undanþágur.*

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar Hafnarfjarðarkaupstaðar, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum, gangi það ekki gegn markmiðum friðlýsingarinnar.

9. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

10. gr.

*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 3. apríl 2009.*

**Kolbrún Halldórsdóttir.**

---


*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*

**Fylgiskjal.****Uppdráttur af fólkvangi í Stekkjarhrauni í Hafnarfirði.****Stekkjarraunsfólkvangur**

í Hafnarfirði

- ⑫- Friðlysingarmörk
- Mörk sveitafélaga
- Lóðamörk

Afmörkun svæðis:	hnit	x	y	hnit	x	y
Hnit ISN-93	01	356695	399175	07	357221	398266
Stærð 15,8 ha	02	356756	399186	08	357195	398239
	03	356977	398991	09	357159	398326
	04	356986	398964	10	357149	398329
	05	357219	398378	11	357159	398372
	06	357224	398364	12	356789	398826



Kortagerð: Landslag ehf,  
28. maí 2008